Ákvörðun um framkvæmd í flokki C

Heiti framkvæmdar	Efnistaka við Glerárós
Framkvæmdaraðili	Hafnarsamlag Norðurlands
Sveitarfélag	Akureyrarbær
Tegund framkvæmdar	2.04 Efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafsbotni þar sem áætlað er að raska minna en 25.000 m2 svæði eða efnismagn er minna en 50.000 m3.

Framkvæmdalýsing (stutt samantekt)

Fyrirhuguð er allt að 49.000 m3 efnistaka af hafsbotni við Glerárós sem nýta á að mestu við endurbyggingu Torfunesbryggju. Gert er ráð fyrir að efninu verði dælt af svæði sem er um 6.500 m2 að stærð, svæði sem áður hefur verið nýtt til efnistöku.

Var leitað umsagna?

Fyrir liggja umsagnir Náttúrufræðistofnunar dagsett 10. júlí 2019 og Umhverfisstofnunar dagsett 21. ágúst 2019. Þá voru gögn málsins send Fiskistofu en umsögn barst ekki.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum skal m.a. taka mið af eðli framkvæmdar sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000

	Já/Nei/Útskýring
Er framkvæmd umfangsmikil?	Nei, um er að ræða 6.500 m2 svæði sem áður hefur verið nýtt til efnistöku.
Er framkvæmd líkleg til að hafa sammögnunaráhrif með öðrum framkvæmdum?	Nei
Fylgir framkvæmd nýting náttúruauðlinda?	Já, verið er að taka efni af hafsbotni.
Fylgir framkvæmd úrgangsmyndun?	Nei
Fylgir framkvæmd mengun eða ónæði?	Nei, framkvæmdasvæðið er innan hafnarsvæðis og ætti mengun ekki að vera meiri en almennt er með framkvæmdir. Ekki gert ráð fyrir að efnistökunni fylgi ónæði þar sem atvinnusvæði er allt um kring.
Fylgir framkvæmd slysahætta?	Nei, slysahætta ekki talin meira en almennt er um framkvæmdir.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum skal m.a. taka mið af staðsetningu framkvæmdar með tilliti til hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000

Hefur framkvæmdin áhrif á:	*Já/Nei/Útskýring*
Þá landnotkun sem fyrir er eða fyrirhugaða landnotkun samkvæmt skipulagi?	Gerð var breyting á aðalskipulagi og er svæðið nú skilgreint sem efnistökusvæði.
Getu náttúruauðlinda á svæðinu til endurnýjunar eða magn þeirra og gæði?	Já/nei, efni verður fjarlægt af hafsbotni en mikill framburður í Glerá felur í sér að svæðið muni fyllast að nýju með tíma.
Friðlýst svæði s.s þjóðgarða, friðlönd, náttúruvætti, fólkvanga?	Nei
Svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum vegna tiltekinna vistkerfa og jarðminja s.s eldhraun, jarðhitasvæði og votlendi?	Nei
Svæði í verndarflokki rammaáætlunar, á náttúruverndaráætlun eða í náttúruminjaskrá?	Nei
Svæði sem njóta verndar samkvæmt sérlögum, (Mývatn og Laxá og Breiðafjörður)?	Nei
Svæði sem njóta verndar samkvæmt alþjóðlegum samningum s.s. Ramsarsamningnum og Bernarsamningnum?	Nei
Svæði sem njóta verndar vegna fornminja eða friðaðra mannvirkja?	Nei
Vatnsverndarsvæði?	Nei
Hverfisverndarsvæði samkvæmt skipulagsáætlunum?	Nei
Víðerni?	Nei
Votlendi eða strandsvæði?	Nei/Já, Efnistakan er við strandlengjuna, sem er þó mikið röskuð og innan núverandi hafnarsvæðis.
Landslag, ásýnd svæðis eða landnotkun?	Nei
Jarðmyndanir (t.d eldhraun, fossar, hverasvæði, eldvörp)?	Nei
Stöðuvötn, tjarnir, sjávarfitjar eða leirur?	Nei
Gróður og gróðurlendi (t.d. mýrar), Dýralíf (t.d. fuglar og fiskar)?	Nei
Loftgæði eða mengun?	Nei
Menningarminjar?	Nei
Samfélag, s.s. áhrif á íbúa eða atvinnu?	Nei

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum skal m.a. taka mið af hugsanlegum eiginleikum umhverfisáhrifa með hliðsjón af eðli framkvæmdar og staðsetningu, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000

Umfang umhverfisáhrifa, þ.e. það svæði og fjöldi fólks sem ætla má að verði fyrir umhverfisáhrifum.	Umhverfisáhrif ekki talin umfangsmikil þar sem um tiltölulega lítið framkvæmdasvæði er að ræða sem þegar er mikið raskað.
Stærð og fjölbreytileiki áhrifa	Áhrifin eru talin lítil og á afmörkuðu svæði.
Líkur á áhrifum	Ekki taldar miklar líkur á áhrifum nema á mjög afmörkuðu svæði.
Tímalengd, tíðni og óafturkræfi áhrifa	Mikill framburður í Glerá felur í sér að efnistökusvæðið mun fyllast aftur með tímanum.
Sammögnunaráhrif ólíkra umhverfisáhrifa á tilteknu svæði	Ekki talin mikil hætta á sammögnunaráhrifum.
Áhrif yfir landamæri	Engin

Niðurstaða
Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 hefur Akureyrarbær farið yfir tilkynningu framkvæmdaraðila. Niðurstaða er að efnistaka við Glerárós sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. viðmið í 2. viðauka laga nr. 106/2000. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Ákvörðun	Ekki háð mati
Kærufrestur	4. desember 2019

Akureyrarbær dags. 30. október 2019

Undirskrift